Björn

7. ár

# Vitinn

7. Árgangur
4 Blöð

# Viljinn

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn

7. Árgangur
4. Blað
2. Marz 1905

Útgefendur

Árni Hallgrímsson Jakob H. Líndal
Jónas Jónasson

# Þorra hugleiðingar

Þessi tími, sem vjer lifum á, má nefnast „tími breytinganna." Gamlar rótgrónar venjur og hættir, eru rifnir niður og annað sett í staðinn. Það þarf ekki að rökstyðja þetta, því dæmin eru deginum ljósari. Þó við jafnvel sjeum ekki eldri en það, að vjer munum eptir því hvernig lífið hjá okkur leit út fyrir 10 til 20 árum, þá er mismunurinn svo mikill, að undrum sætir. Margt af þessu er reyndar þarflegt og má telja til sannra framfara, en margt hefur líka slæðst með, sem hefði verið best komið úti hafsauga. —

Þjóðin er farin að finna til þess að hún er orðin langt á eptir, ..

~~sjálir~~ á braut menningarinnar. Hún sjer þann tíma löngu liðinn, sem hún var þar framarlega í flokki — þann tíma er hún skipaði meir að segja öndvegið í mörgum greinum. og sem enn þá slær frægðarljóma á æfiskeið hennar. Löngunin eftir því að láta enn eitthvað til sín taka er vöknuð, þó skamt sje komið áleiðis enn þá, sem er reyndar engin furða; þegar þess er gætt hve ~~djúpt~~ hún var sokkin bæði líkamlega og andlega.

Það sem mjer virðist versti þjóðs-ókostinum, er skortur á góðri samvinnu. Sundurlyndið — þessi löstur sem verst hefur leikið oss — sýnist ekkert í rjenun. Mestu og bestu menn þjóðarinnar, eyða tímanum: að rífa niður hvers annars hugmyndir, og oft er deiluefnið svo lítið, að það

minnir á söguna af kerlingunum, sem sögðu: „Klipt er það" „skorið er það".

Þetta þarf að lagast, ef vjer viljum lifa og starfa sem sjálfstæð þjóð. Vjer þurfum á öllum okkar kröftum að halda til þess að bæta fyrir brot feðra vorra. Það eru öll líkindi til þess að sú þjóð sem ekki getur fylgst með á framsóknarbaráttunni hljóti að hverfa úr sögunni og sogast inní stórþjóðirnar, og það væri, að mínu áliti, sorglegt afdrif fyrir íslensku þjóðina, sem hefur varðveitt mál sitt og þjóðerni í rúm þúsund ár í gegnum blítt og strítt, að mestu leyti óbreytt. Vjer hljótum að hugsa sem svo, að fyrst hin algóða hönd hefur haldið hlífiskildi yfir þessum dýrmætustu fjársjóðum okkar svo lengi, þá hljóti okkur að vera

atlað eitt hvert hlutverk í alheims baráttunni, — baráttunni milli hins vonda og góða. —

Það eru ekki æfið þeir voldugustu, sem lengst komast, heldur optar hinir, sem lægra eru settir. Þorsteinn Erlingsson segir þar sem hann er að tala um „alþjóðar vegagjörð.

— „Að eigu þó margir gjöld knáir,
„þá velta þeir fleiri þar völum úr leið,
sem veikbyrða eru og smáir"

Og það er sömuleiðis sem ómögulegt er að mæla á móti.

— Þetta segjum vjer að hafa fyrir augunum, þegar vjer göngum út í stríðið, og það á að vera vor síðasta hugsun, þegar vjer leggjum niður vopnin. Þá mun okkur aldrei detta í hug að gjörast liðhlauparar, og því síður, að svíkja þjóðina með því að blása að ósamlyndis kolunum. — · —

— · // —

II

Nú eru á prjónunum, hjá okkar Blöndhlíðingum tvær mikils verðar nýungar í búskaparsögu vorri, sem að líkindum komast á von bráðar. Það er mjólkurbú og nautgriparæktunar fjelag.

Jeg hef allt af vonast eptir því, að einhverjir af forsprökkum þessara nýunga, tæki til máls í Viljanum, og skýrði þar að einhverju leyti fyrir lesendunum t. d. tilgang þeirra og hvernig heppilegast væri að hafa fyrirkomulag þeirra, en þessi von mín hefur brugðist.

Þegar um einhverjar nýungar er að ræða, ríður mjög mikið á því að komast að rjettri niðurstöðu, hvernig byrja skuli, og í hve stórum stíl. Það hefur ekki svo sjaldan komið fyrir, að vjer höfum kollsiglt okkur

í þessu tilliti, annaðhvort af því
að vjer höfum hrapað að málefn-
unum óundirbúnum, og áður en
almenningur var búinn að fá áhuga
fyrir því, eða vjer höfum ekki kunn-
að að sníða oss stakk eptir vexti.
En þetta verðum vjer að varast, af
því það hefur hinar verstu afleið-
ingar fyrir málefnið. Það má nærri
geta, hvað ítarlega er hægt að ræða
málefnin á stuttum og fámennum
fundum eins og tíðast er hjá oss.
Nú vill svo vel til, að vjer gefum
út sveitablað, og þessvegna stöndum
við betur að vígi í þessu en ella.
Jeg álít því sjálfsagt að ræða og
rita um aðrar eins nýjungar og þessar
eru í blaðinu, og ættu þeir að ganga
á undan sem mesta þekkinguna
hafa á málefninu, en þar sem
engin mót eru á því datt mjer í

hug að fara um þessi málefni
nokkrum orðum, þó jeg finni mig
ekki mann til þess, ef ske kynni
að einhverjir fetuðu í fótspor mín,
af þeim, sem betri þekkinguna hafa á
málefnunum.

Það hefur lengi brunnið við
hjá okkur Íslendingum, að við höfum
verkað illa vörur vorar, sumpart
af þekkingarleysi og sumpart af
hugsunarleysi. Kaupmennirnir hafa
lítið gjört sitt til að halda þessu
í horfinu, með því að gjöra lítinn
eða engan mismun á góðum og slæm-
um vörum. Af þessu hefur auðvitað
leitt það, að vjer höfum fengið lítið
fyrir vörurnar, ekki síst nú, þegar
öðrum löndum hefur fleygt mjög fram
í vöruverkun.

Það lítið, sem vjer höfum selt af
smjöri, til útlanda hefur auðvitað ekki verið undan-

tekning frá þessu, enda höfum
vjer orðið að súpa af því seyðinu.
Danir hafa t. d. fengið þriðjungi
og jafnvel helmingi meira
fyrir smjörpundið en vjer, enda
standa þeir einna fremstir í
þeirri grein.
Rjómabúin eru því aðallega stofnuð
í þeim tilgangi að bæta smjör-
verkunina hjá oss. Bændur á
tilteknu svæði ganga í fjelag, og
flytja þann rjóma, sem þeir mega
án vera, á einn stað. Þar er
smjörið búið til af stúlku, sem
hefur lært smörtilbúnað. Þetta
hefur auðvitað töluverðan kostnað
í för með sjer. Fyrst og fremst
þarf að byggja hús og kaupa ýmis-
leg áhöld, og svo kemur árlegi
kostnaður við flutning rjómans
og borgun til þeirra sem búa til

smjörið. Allt fyrir þetta hefur
sú reyndin orðið á, að rjómabúin
hafa getað borgað hluthöfum sínum
hærra fyrir smjörpundið en einstak-
menn hafa fengið, og öll líkindi
mæla með því, að það muni hækka
eptir því sem reynslan verður meiri.
Það liggur því í augum uppi, að
þetta eru framfarir ef vel gengur,
sem þarf ekki að ugga ef áhugann
vantar ekki, og trúna á fyrirtækinu.
— Nú erum vjer Blöndhlíðingar
búnir að samþykkja að stofna rjóma
bú hjer hjá oss, og ætla jeg ögn
að athuga afstöðu vora, gagnvart
málefninu.
Jeg verð að játa það, þegar jeg lít
í kringum mig, að mjer virðist
þeir fáir, sem hafi að gjöra með
rjómabú, án þess að breyta um bú-
skapar lag. Mjer virðist að kúabú

fje óríða meiri en svo, að heimilin
þurfi bæði mjólkina og smjörið; men
enda sumstaðar ekki vera um of.
Hjer í Miklabæjarsókn er jörðum svo
háttað, að lítið er hægt að auka kvíar
búið í fljótum hasti, því óríðast fæst
kýrgresi nema af túnunum, og kraptinn
vantar til að auka út túnin.

En að stofna rjómabú til þess að
jeta þort, álít jeg engar framfarir.
Jeg álít því að annaðhvort verðum
vjer fá eitthvað í staðinn fyrir smjör
ið, eða þá að snúa okkur algjörlega
að gamla siðnum — að færa ánum
okkar frá.

Einsog mönnum er kunnugt, þá skiptist
fje í kjöt fje og mjólkurfje, og
eru þau töluvert ólík, að eiginleg-
leikum. Ef við [illegible] hugsuðum okkur
að fá sem mesta mjólk úr ánum
okkar, þá er ekkert eðlilegra en

að mjólkurfjeð yrði ofaná. Okkur
þætti náttúrlega vænst um bestu
mjólkurærnar, og ólum helst upp undan
þeim, svo kynferðið breyttist smátt
og smátt. Þá er auðvitað ædeins
sú spurning, hvert kynið er arðvæn-
legra, sem ætti að ráða baggamuninn
en henni get jeg ekki svarað, og
jeg veit að enginn getur það hjer;
til þess vantar gjörsamlega alla
reynslu. Um þetta álít jeg að menn
ættu að hugsa.

Að stofna rjómabú, án þess að hafa
trú á því að það sje arðvænlegra, en
hitt sem verður að rýma fyrir því,
álít jeg eigi rjett.

Það liggur í augum uppi, að eftir
því sem umönnunin er minni á
jöfnu svæði, stendur búið sig ver,
en það hefur ekki litla þýðingu
hjá okkur að rýmingin — hver sem hún

a- bregðist eigi vonum manna, hefur
enda opt riðið þeim að fullu.

— Jeg er með rjómabús stofnuninni, og
tel hana mikla framför, ef hún gæti
komist á, á heppilegan hátt. Það hefur
aðeins verið þessi spurning, sem kom
mjer til að rita þessar fáu línur.

Hefur almenningur nógan áhuga,
og nóga trú á málefninu, til þess
vjer getum vænst eptir góðum
árangri? Jeg hef einmitt rekið
mig á hið gagnstæða.

— " —

Þá ætla jeg að minnast ögn á naut-
griparæktunarfjelagið.

Það voru áreiðanlega orð í tíma
töluð, að gjöra eitthvað til þess
að bæta kyn nautpenings vors.
Þessi grein búpenings vors hefur
einsog orðið útundan, þegar um
kynbætur hefur verið að ræða.

Á sauðfje hafa verið gjörðar
kynbætur, víðast að nafninu til
og sumstaðar meira, bæði af ein-
stökum mönnum og í fjelagi.

Um hrossin er sama að segja,
og þó kynbætur þeirra hafi ekki
náð lengra, en að útrýma mis-
litum hrossunum, þá er það tölu-
verð framför, enda ekki þægilegt
að ganga langt í þessu efni
meðan hrossaverzlunin er rekin í
þeim stíl, sem nú er.

Öðru máli er að gegna um
kýrnar. Til að bæta kyn þeirra
hefur sama sem ekkert verið
gjört. Naut valin af handa
hófi og vanalega ekki látin ná
fullum þroska, sem hefur áþað
hleypt rýrð í kynið— Oss þykir
þeim bónda ekki farast búmann-
lega, sem notar tóma lambhrúta

handa ánum sínum, en þó menn hafi optast ársgamla kálfa handa kúnum, það þykir ekkert tiltökumál, og sýnir þetta best hugsunarleysi almennings í þessu efni, en ef einhver skyldi vefenga þetta, þarf ekki annað en benda mönnum á afdrif verðlaunanautanna á Akrasýningunni.

Það er því, að mínu áliti, gleðilegt tákn tímans, að samþykkt skuli vera, að stofna fjelag hjer í hreppi, er hafi það markmið, að bæta kyn kúnna.

En það er í þessu, einsog áður, að nauðsynlegt er, að ná sem tryggastri undirstöðu – og sníða sjer stakk eptir vexti.

Slíkur fjelagsskapur hlítur að hafa töluverðan kostnað í för með sjer, ef hann á að koma að nokkrum notum. Fyrst og fremst er það dýrt að halda mörg naut fullorðin, ekki síst ef þarf að gefa þeim inni allt árið, einsog að líkindum yrði, og svo þarf fjelagið helst að halda mann, sem ferðist á milli fjelagsmanna, að minsta kosti á vetrinum, til þess að leiðbeina þeim og líta eptir því að haldnar sjeu rjettar fóður- og mjólkurskýrslur. Þenna mann höfum vjer líklega ekki, nema að fá hann að, eða kosta einhvern til þess að læra, sem er reyndar ekki tilfinnanlegur kostnaður. Aðalkostnaðurinn yrði auðvitað við nautahaldið, og þessvegna álít jeg að nauðsynlegt sje að athuga hvernig heppilegast sje að byrja í þessu efni. Hvort heldur eigi að halda kynbótanaut handa öllum kúm

í hreppnum, eða aðeins handa bestu kúnum, sem ætlaðar væru til undaneldis.

Jeg skal játa það að fyrri aðferðin er formlegri og máské betri, en hún er dýr, og það getur orðið henni að fótakefli. Almenningur er óvanur því, að borga háa nautstolla, og bregði sjálfsagt við, það að vera skyldugur til að brúka ákveðin naut og borga mörgum pörtum hærra fyrir, en verið hefur. Sumum kynni að þykja það skerðar á frjálsræði að mega ekki ala upp kálfa handa kúnum sínum, einsog tíðkast hefur hjá þeim sem hafa haft nokkurt kúabú.

Það hefur optlast reynzt vel, þegar um svona fyrirtæki er að ræða, að byrja í smáum stíl, en færa sig svo uppá skaptið, þegar almenningur er búinn að sjá hve árðvænlegt fyrirtækið er, og eins álít jeg að gæti farið hjer. 300) 6000 (30

Jeg hef reyndar hvorki haft tíma nje þekkingu til þess að fá fasta niðurstöðu í þessu málefni, en heldur finnst mjer jeg hallast að því, að byrja með fá kynbótanaut 2–3 og nota þau handa álitlegustu kúnum

— Sumir hafa það álit, að nautstollarnir yrðu hærri með þessu fyrirkomulagi, en jeg sje ekki að það þyrfti að verða. Það þyrfti einungis að ákveða það, handa hve mörgum kúm hver bóndi ætti að nota kynbótanaut, eptir kúafjölda hvers, og svo get jeg ekki sjeð annað, en hlutfallið geti orðið svipað. Hitt er auðsjeð, að kostnaðurinn yrði minni og almenningur yndi að líkindum minna til breytingarinnar, en ella

Jeg er ordinn tölu vert langordur
og læt því hjer staðar numið.
Tilgangurinn með þessum lín-
um var aðeins sá, einsog ég hef
tekið fram, að vekja máls á
þessum málefnum, sem hædi eru
þess verð að ritað verði um þau
í Viljanum.
Þau eru allt of mikils verð
til þess að hrapa að þeim, og
máski ~~byggja~~ byggja þau á þeim
grundvelli, sem reynist illa
í framtíðinni.

Jónas Jónasson

## Sparsemi.

Auðurinn er afl þeirra hluta, sem gjöra skal. Fyrir auðinn getum vér aflað oss margvíslegra þæginda. Fyrir hann getum vér fengið vald yfir ýmsu, sem fram fer í kringum oss. Fyrir hann getum vér breytt hrjóstrugum melum í frjósamt land. Fyrir hann getum vér menntað oss sjálfa og börnin vor. Vér sjáum því að auðurinn er afl eða vald. Allir vilja hafa yfir afli að ráða, og flestir vilja heldur ráða fyrir sér sjálfir, heldur en láta aðra gjöra það.
Frá þessu sjónarmiði skoðað, sjáum vér því, að auðurinn er nauðsyn-legur. En þess má gæta, að það fylgir vandi vegsemd hverri.

Eitt af helstu medulunum til að geta safnað auði er *sparsemi*, svo lítið á hana aðeins á þennan veg sjáum ver að hún er nauðsynleg.

Að sparsemi sé nauðsynleg til að geta safnað auði eða orðið gjefráðandi hans, er mjög augljóst. Fer eg því ekki um það mörgum orðum, en læt nægja að taka eitt dæmi.

Ef eg hefði fáeina Eueyringa í lófanum, og hefði mer það til gamans að senda alltaf einum og einum & eitthvað út í loftið, þá mundi eg ekki þurfa að leika þetta lengi, þar til eg ætti engan eftir. Hefði eg aftur á móti verið svo hygginn, að geyma peningana, eða nota þá að einhverju leyti sjálfum mer eða öðrum til gagns, þá hefðu þeir verið mer auðvur, í staðinn fyrir, að eg hef nú sleppt þeim

óávaxtaðum gegnum greipar minar, og ekki einungis eyðilagt nytsemi þeirra fyrir sjálfan mig, heldur og fyrir aðra, en svo er líka oft hinni sönnu eyðslusemi varið. Hún gjörir ekki einungis nytsemi peninganna að engu fyrir þeim, sem eyðir, heldur og einnig fyrir öðrum mönnum.

En sparsemin er nauðsynleg skoðuð frá fleirum sjónarmiðum. Það sem einmitt hefir mikið að þýða er þetta Eyðslusemi og siðleysi fylgist oft að, en sparsemi og siðprýði eru oft stallsystur.

Margskonar óhófssemi er þannig varið, að hún hefir siðspillandi áhrif. hún leggur sinn skerf til að gjöra manninn þræl nautnanna, sem tilhyllir að verða til þess, að rýra virðingu hans, bæði í augum sjálfs hans og annara manna.

Langt of margir hafa fyr og síðar
gengið þá götu, að byrja með óhófssemi
og svalli, en enda sem glapamenn.

Um sparsemina er allt öðru máli að
gegna. Henni fylgir oft dálítil sjálfsaf-
neitun, sem stuðlar til þess að efla
góða eiginleika, skapa meira sjálfstæði,
kjark og dug.

Sparsemin eflir einnig borgaralegt
sjálfstæði: Hún gjörir það jafnframt, og
hún veitir meiri auð, því sá, sem hefir
nægileg efni fyrir sig og sína, stendur
betur að vígi, til að ná rétti sínum,
og ráða sjálfum sér og framkomu sinni
heldur en hinn, sem er meira eða
minna uppá aðra kominn í efnalegu
tilliti.

Örbirgð skapar borgaralegt ósjálfstæði.
Hún er vopn í hendi miskunarlausra
manna, til þess að neyða öreigann til þess,
sem honum er ógeðfellt, og miðar til að
svifta hann enn meir réttindum sínum
og sjálfstæði.

En fáir hlutir eru svo góðir, að ekki sé
hægt að misbrúka þá, og svo er einnig um spar-
semina. Vér verðum t.d. að gjalda varhuga
við, að sparsemin leiði oss ekki of langt,
svo það, sem ver ætluðumst til, að væri
sparsemi, verði beinlínis eyðsla. Þótt því
miður sé ekki hægt að telja oss Íslendinga
mikla, sparnaðarmenn, þá mun þó full nauð-
syn til, að þetta sé brýnt fyrir oss oft og ræki-
lega, bæði hvað snertir einstaka menn og þjóð-
ina í heild sinni. Það er t. d. ekki sparnaður
fyrir bóndann, sem mikið þarf á skóflu að
halda, að spara sér að kaupa nýja skóflu
með því, að berjast um með hinni gömlu,
þangað til hún er orðin slitin upp undir skapt.
Tíminn er honum dýrmætur, sem gengur til vinn-
unnar, og hann eyðir á þennan hátt miklu

meira fé í þeim tíma, sem nú gengur umfram
til vinnunnar, heldur en hann hefði þurft ~~til~~
fyrir nýja skóflu. Það ætlar líka margur bónd-
inn að spara með því, að spara fóður við bú-
pening sinn fram yfir það, sem góðu hófi
gegnir, en vanalega verður afleiðingin sú, að hann
eyðir, í staðinn fyrir að hann ætlaði sér
að spara, því afurðirnar, sem skepnurnar
gefa af sér, eru í meira en þeim mun minna
verði, en svarar til þess, sem hann sparaði
af heyinu

Það kosta oft mikið ýmsar framkvæmd-
ir til framfara, hvort heldur þær eru gjörðar
af einstökum mönnum eða í félagi, en
hálfu ver höfum vér þó efni á að leggja
á oss skatta aðgerðaleysisins og sundurlynd-
isins, hvort heldur félagsskapurinn heitir naut-
griparfélag mjólkurbú gróðrarstöð eða eitthvað
annað. Það er einhvernvegin komið
inn í eðli vort Íslendinga, að vér greið-
um

með hangandi hendi; og hálfgjörðum eftirtöl-
um flest þau gjöld, sem oss ber að gjalda til
opinberra þarfa, en vér höfum þar ekki spar-
semina á réttri hillu, því þetta er gjald, sem
vér sameiginlega þurfum að borga oss til sameigin-
legra heilla, og því meira, sem þetta gjald er, þess
meiri ávaxta getum vér líka vænst af því
fyrir oss eða eftirkomendur vora. Svo framarlega
sem því er varið skynsamlega samkvæmt þeim
tilgangi, sem gjaldendurnir hafa. Auðvitað er
von að mönnum sárni, að sjá fé sínu fleygt
til vanhugsaðra fyrirtækja eða til óverðskuldaðra
og óþarfra launa, en sú óánægja á í sjálfu
sér ekki að bitna á útgjöldunum sjálfum,
heldur mönnunum, sem stjórna þeim.

Annað, sem vér þurfum að varast, þegar
um sparsemi er að ræða, er, að hún gangi
ekki svo langt, að hún gjöri oss að nirflum.
Hún má ekki ganga svo langt, að vér látum
ekki heiður vorn sitja í fyrirrúmi fyrir aura-

girndinni, og ekki svo langt, að vér missum sjónar á ástandi náunga vors, en einblínum aðeins á vorn eigin hag. Með öðrum orðum, Sparsemin má ekki vera þrepskjöldur í vegi fyrir því, @ vér séum greiðviknir öðrum mönnum, ekki gjöra oss að verri félögum í sveitarfélagi voru, með því að gjöra oss egingjarna.

Sparsemin má heldur ekki ganga svo langt, að vér alt of mjög neitum oss um gleði og þægindi lífsins, því bæði er óvíst, hvort í raun og veru sparast nokkuð meira með því þegar til alls kemur, og svo er þannig lagaður hugsunar-háttur oft í vegi fyrir því, að geta orðið nýtur maður í þjóðfélaginu svo nokkru nemi.

Í þriðja lagi finnst mér það nokkuð dýrt kaup, að hafa selt lífsþægindi sín, og með þeim talsvert af lífsgleðinni fyrir fáeinar krónur, sem maður aldrei nýtur sjálfur, og veit ekki einu sinni fyrir víst, hvort eftirkom-endurnir njóta nokkurntíma.

Hin eiginlega sanna sparsemi er ekki ~~fólgin~~ innifólgin í nurli þess nízka, ekki smásálarskap sýtingsseggsins né blóð-sugu þess ágjarna, ekki heldur í því @ loka dyrum fyrir hinum nauðstadda, eða vanrækja að gjöra ýmislegt það, sem nauðsynlegt er, sökum þess, að það hafi dálítinn kostnað í för með sér.

Hinn sanni sparnaðarmaður er laus við alt þetta. Hann eyðir sem minstu af því, sem ekki er þarft á einhverra hluta vegna, og lætur sem sjaldnast vanta það, sem nauðsynlegt er. Hann gjörir sér mest far um @ grípa þann eyrinn til þess að safna honum saman í krónur, sem er á hraðri rás til þess staðar, þar sem hann eyðileggst, og enginn hefir hans lengur not, en forðast aftur á móti @ grípa til þeirra, sem með réttu

en á leiðinni ofan í beddu
rúnnga hans.

Jakob H. Líndal

## Hlákan

Nú er hlákan hlýja,
hrannir fanna hverfa
Vindur fold, á vetri
vetir, lýði kætir
Dalir roðna, driftir læki mynda,
dagur, roðar hátt á svölum vinda
ský, af sætum blundi serhvað vekur,
sólar ljómi næturkuldann hrekur.

Kveður lækjakliður,
– köld er grundin undir-
glymur hátt í hlíðum,
hljómar fossarómur.
Fuglar smáir fagna bjarma hlýjum,
jölnað blómið kröftum safnar nýjum,
hátt í lofti hreinar raddir óma,
heilsa glaðar árdagsfögrum ljóma.

Vinda á flugi víða,
vengi smáa þreyta.
Bera lofts við blóma
breiðar hamraleiðir.
Straumur hraður sterkan ísinn brýtur,
stundarsælu gjörvalt fagna hlýtur.
Verum glaðir! Vetur kaldan hrekur
vor, sem allt í hlýjan faðm sinn tekur.

E. S.

Kveðið 14. Febrúar 1905

## Vormorgunn

Langt í austri ljómar dagur,
lifnar allt af næturblund.
Hreiðri úr smáu fuglinn flýgur,
fagnar nýrri árdagsstund.
Blómin fögru, blöðin smáu
breiða mót sólaryl
En sú gleði! En sú fegurð!
Ekki neitt er fegra til.

Fögur ertu fóstran kæra
fögrum vordagsmorgni á.
Á grænum túnum, grænum hlíðum
glitra daggarperlur smá.
Fögrum syngja fuglar rómi,
fríðust vorsól þegar skín.
Fátt við þína fegurð jafnast
fósturjörðin kæra mín.

A. J. Norðdal.

## Ráðning

Talþrautanna í síðasta blaði:

1. A fær 15 kr. B 60 kr. og C 25 kr.
2. A átti að fá 162 kr. B 54 kr og C 108 kr.
3. Útkoma dæmisins var 59-6 en átti að vera 5976 Frumtölurnar eru þess eðlis, að þversumma summu þeirra er ávalt deilanleg með 9. Þversumman getur verið 9, 18, 27, 36 og 45 en aldrei neinar aðrar tölur. Það er því þægilegt að sjá, hvaða tölustafur hefir verið þurkaður burtu, með því að aðgæta, hvað þversumman vantar mikið, til að geta verið einhver þessi tala.

— // —

Viljinn getur ekki haft þá ánægju að flytja nöfn annara manna, sem hafa ráðið þrautir þessar, en Jónasar Jónassonar

Gáturáðning: (síð. tbl.) Reislon.

## Talþrautir

1. Eggjasölukona nokkur seldi helminginn af þeim eggjum, sem hún átti, og þar að auki hálft egg framyfir. Síðan seldi hún helminginn af því, sem hún átti þá eftir, og einnig hálft egg framyfir. Loksins seldi hún helmingin af því, sem þá var eftir og enn þá hálft egg framyfir, og átti hún þá þrjú egg eftir. Hvað mörg hafa eggin verið upphaflega? Engu egginu var skift í sundur.

2. Páll og Pétur mættust, og ráku báðir nokkrar kindur. Páll bað Pétur að gefa sér eina kind, því þá hefði hann helmingi fleiri, en Pétur sagði að það væri nær fyrir hann að gefa sér eina, því þá hefðu þeir báðir jafnmargar. Hvað margar hafði hvor? 5–7. S. V.

Jakob H. Líndal

Það er ergilegt að þurfa oft að á minna menn um, að fara vel með blaðið og láta það ganga greiðlega á milli sín. En illa kalla ég að það gangi, þegar það er allt að mánuði frá fyrsta bænum til þess ysta, og illa kalla ég farið með það, þegar það er orðið sundurlaust og jafnvel rifið, þegar það hefir lokið göngu sinni.

Það er annars ekki sjáanlegt, hvers vegna félagsmenn ætla eftir blaði, þegar þeir nenna ekki einu sinni að koma því til næsta bæjar, þá sjaldan það heimsækir þá, og því síður að senda því nokkra línu, og ekki getur það verið til þess, að hvetja þá sem kosnir hafa verið í ritstjórn þess, ~~að~~ til að gjöra það sem best úr garði.

En ef því félagsmenn vilja reka af sér það ámæli; að blaðið gangi seint, og sýna hvað það hefir dvalið lengi ~~hvy~~ hjá hverjum einstökum, þá bið ég þá að gjöra svo vel og skrifa á eftirfarandi skrá hvenær blaðið kom til þeirra og hvenær það fór.

| | Kom | Fór |
|---|---|---|
| Úlfsstaðakot | | 4. Marz |
| Úlfsstaðir | kom 4 | fór 5. sama |
| Sólheimagerði | kom 5. | fór 6. ~~sama~~ |
| Sólheimar | Kom 6. | fór 8. mars |
| Miðsitja | kom 8. | fór 10 mars. |
| Víðivellir | kom 10. | fór 12 marz |
| Miklibær | kom 12. | fór 13. marz. |
| Hrólfsstaðir | — 13 | — 14 — |
| Grundarkot | — 14 | — 15 — |
| Þorleifsstaðir | — 15 | — 16 — |
| Höskuldsstaðir | — 16 | — 17 |
| Akrar. Viljum kom hér óhreinn, og rifinn | | |
| Minni-akrar | Kom 19 | — fór 21 |
| Minna-akragerði | | |